

4. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Kristín G. B. Jónsdóttir og Steinunn Ýr Jónsdóttir

Nemendur: 43

Menntagildi námsgreinar:

Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Vinnulag og vinnubrögð	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu,gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,	<ul style="list-style-type: none">Vinna í tölvuveri/lpad kennslu í einstaklings- og hópavinnu í tengslum við

Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> • leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu, • nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni, • unnið með heimildir, • nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna, • nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum, 	<p>verkefnavinnu í öðrum námsgreinum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námefninu almennt t.d við hugarreikning og stafsetningu.
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> • notað forrit við einföld ritunarverkefni, • notað einfaldan hugbúnað / forrit við myndvinnslu, 	
Sköpun og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> • notað forrit / hugbúnað við miðlun þekkingar á einfaldan hátt, 	
Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none"> • farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra, 	
Lykilhæfni	<ul style="list-style-type: none"> • leitað og sótt gagnlegar upplýsingar úr ólíkum miðlum, • sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og gert sér grein fyrir gildi ábyrgrar netnotkunar. 	
Kennslugögn: Word, Excel og ýmsir vefir og leikir af mms.is.		
Námsmat: Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.		